



Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

16. fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 16. ágúst 2016 kl. 8.30 f.h.

Fundinn sátu:

Auður Gunnarsdóttir, formaður

Benedikt Gústavsson, ritari

Björn Snorrason

Ingólfur Oddgeir Jónsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Benedikt Gústavsson

1. Fjallferðir.

Fyrsta leit í Grímsnesi fer af stað föstudaginn 9. september og réttað verður í Klausturhólarétt 14. september kl. 10:00.

Lyngdalsheiðin verður smöluð mánudaginn 12. september og svo aftur í eftirleit í október.

Réttað verður í Kringlumýri þriðjudaginn 13. september kl. 10:00 eftir fyrstu leit, fyrir alla.

Fyrsta leit í Grafningi fer af stað föstudaginn 16. september og réttað verður í Grafningsrétt mánudaginn 19. september kl. 9:45.

2. Fjárhagsáætlun og álagning.

Dagsverk í Grímsnesi 7.000 kr.

Dagsverk í Grafningi 10.000 kr.

Álagning á kind 460 kr.

Á jarðarþúsund 3,00 kr.

Fjárhagsáætlun áætluð 2.823.643 kr.

Þar af fjallskil 2.173.643 kr.

Aðrar tekjur 650.000 kr.

3. Reikningar vegna fjallauna.

Fjallaskilanevnd óskar eftir að þegar reikningar vegna fjallskila verða sendir út verði því komið á framfæri við þá sem vinna fjallskil að þeir sendi inn sundurliðaða reikninga vegna unninna fjallskila til að auðvelda yfirferð á fjallskilum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 12:30